

5. Gildistaka.

- 5.1. Starfsleyfi þetta, sem er veitt skv. 8. kafla mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990, sbr. lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 16. maí 1991.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Seltjarnarnes árið 1991.

1. gr.

Bæjarstjórn Seltjarnarness er heimilt að leggja á sérstakt sorpuhirðugjald árið 1991.

2. gr.

Gjald fyrir 1991 er kr. 3 000,00 á hvern stað sem hreinsað er frá, og er innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Seltjarnarness er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1991.

Umhverfissráðuneytið, 16. maí 1991.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Hafnarfirði árið 1991.

1. gr.

Hafnarfjarðarbæ er heimilt að innheimta árið 1991 sorphirðugjald kr. 5 000,00 vegna förgunar neysluúrgangs, sem til fellur í sveitarfélaginu sbr. gr. 6.2.1. í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu og innheimtist með fasteignagjöldum. Gjald dagar og eindagar eru þeir sömu og fasteignagjalda.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er af bæjarsjóði Hafnarfjarðar, sbr. 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er hér með staðfest og gildir frá 1. janúar 1991.

Umhverfissráðuneytið, 16. maí 1991.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.